

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingis.is

28. nóvember 2007
071110055

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu
á umferðarlögum nr. 50/1987, 27. mál.**

Jafnframt því að visa til bréfs samgöngunefndar Alþingis, dagsetts 23. nóvember 2007, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til breytinga á umferðarlögum, 27. mál, skal eftirfarandi tekið fram.

Orðið „forgangur” er í umferðarlögnum notað um það hvenær einn skal víkja fyrir öðrum í umferðinni þegar aksturslínur ökutækja skerast, sjá m.a. 25. gr.

Í 8. gr. umferðarlaga er það neyðarakstur þegar aðrir vegfarendur skulu víkja úr vegi ökutækis, sem ætlað er til neyðaraksturs og gefur sérstök ljós- og hljóðmerki. Ökutækið nýtur forgangs.

Í 1. gr. frv. er orðið notað um sérstaka rein fyrir strætisvagn og leigubifreið. Spurning hvort notkun á orðinu „forgangur” í umferðarlögnum með mismunandi merkingu er æskileg, hvort hún gerir reglurnar óskýrari.

Orðið „strætisvagn” er ekki notað í umferðarlögnum en hins vegar orðið „hópifreið”, sbr. skilgreiningu í 2. gr. laganna og í 1. gr. reglugerðar um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004. Orðið „leigubifreið” er notað í 28. gr. umferðarlaga og skilgreint í lið 07.202 í reglugerð nr. 822/2004.

E.t.v. mætti sleppa sérstakri skilgreiningu en orða nýjan málslið við 2. mgr. 13. svo:

Almenn umferð ökutækja er bönnuð um akrein sem sérstaklega er ætluð strætisvögnum og leigubifreiðum og er merkt sem slík.

Með vísun til 1. mgr. 18. gr., i-liðar 1. mgr. 28. gr. og i-liðar 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga vaknar sú spurning hvort betur eigi við að nýr málsliður við 2. mgr. 13. taki til hópifreiðar og leigubifreiðar.

Virðingarfyllst,



William Thomas Möller